

Mánudaginn 13. nóvember 2000.

Nr. 407/2000. **Ákærvaldið**

(enginn)

gegn

X

(enginn)

Kærumál. Þinghald.

Ríkissaksóknari höfðaði mál gegn X með tveimur ákærum 12. október 2000. Í annarri þeirra var X gefið að sök að hafa með hnífsstungum orðið Y að bana og með því brotið gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. X var og gefið þar að sök að hafa sömu nótt veist með hnífi að sambúðarmanni Y og með því brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Í hinni ákærinni var X gefið að sök að hafa brotið gegn 194. gr. sömu laga með því að hafa tvívegis þröngvað Z til kynmaka við sig. Við þingfestingu málsins var ákveðið að reka í einu lagi mál um öll ákæruefni. Að ósk réttargæslumanns Z ákvað fjölskipaður héraðsdómur að loka þinghaldi. Kærandi, sem mun hafa ætlað að vera viðstaddur síðari fyrirtöku málsins vegna starfs síns sem fréttamaður, krafðist úrskurðar um þessa ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1999. Talið var að í ýmsum atriðum væru slík tengsl milli sakarefna samkvæmt ákærunum að örðugleikum væri háð að greina að meðferð þeirra fyrir dómi. Þegar af þeirri ástæðu þótti ekki verða hjá því komist að ákvörðun um að dómþing yrði háð fyrir luktum dyrum tæki til málsins í heild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Markús Sigurbjörnsson, Árni Kolbeinsson og Gunnlaugur Claessen.

Þór Jónsson skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. nóvember 2000, þar sem ákveðið var að þinghöld verði háð fyrir luktum dyrum í máli sóknaraðila gegn varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærandi krefst þess aðallega að ákveðið verði að þinghöld í málinu verði opin, en til vara að þinghöld

verði opin þegar fjallað verði um aðra þætti málsins en ákæru á hendur varnaraðila um kynferðisbrot. Kærandi krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili og varnaraðili hafa hvorugur látið málið til sín taka.

Réttargæslumaður eins brotþola og tveggja annarra bótakrefjenda í málinu hefur lagt fyrir Hæstarétt athugasemdir um kæruefnið.

I.

Ríkissaksóknari höfðaði mál þetta á hendur varnaraðila með tveimur ákærum 12. október 2000. Í annarri þeirra var varnaraðila gefið að sök að hafa með hnífsstungum orðið nafngreindri stúlku að bana aðfaranótt 15. apríl 2000 og með því brotið gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðila var og gefið þar að sök að hafa sömu nótt veist með hnífi að sambúðarmanni þeirrar látnu og veitt honum nánar tilgreinda áverka, en með því taldist varnaraðili hafa brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum. Í hinni ákærinni var varnaraðila gefið að sök að hafa brotið gegn 194. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum með því að hafa þröngvað fyrrum unnustu sinni til kynmaka við sig 4. febrúar og 5. mars 2000.

Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness 24. október 2000 þegar fyrrnefnda ákæran var lögð fram á dómþingi. Í sama þinghaldi var síðarnefnda ákæran einnig lögð fram og ákveðið að reka í einu lagi mál um öll ákæruefnin. Að því gerðu ákvað fjölskipaður héraðsdómur að loka þinghaldi.

Þegar málið var næst tekið fyrir í héraði 3. nóvember 2000 var fært í þingbók að dómurinn hefði ákveðið að þinghöld í málinu yrðu framvegis háð fyrir luktum dyrum, svo og að sakflytjendur væru samþykkir þeirri ákvörðun. Kærandi, sem mun hafa ætlað að vera staddur við þinghaldið vegna starfs síns sem fréttamaður, krafðist úrskurðar um þessa ákvörðun, svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1999. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp þegar málið var næst tekið fyrir 8. nóvember 2000.

II.

Á dómþingi 24. október 2000 óskaði réttargæslumaður brotþola samkvæmt síðarnefndu ákærinni hér að framan eftir því að málið yrði

rekið fyrir luktum dyrum. Samkvæmt ákvæðum b- og e-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1999, var héraðsdómi rétt að verða við þeirri ósk að því er varðar það efni málsins, sem að brotapolanum snýr. Eins og áður greinir hefur verið ákveðið að reka í einu lagi mál á hendur varnaraðila um allar sakir, sem bornar eru á hann með ákærum ríkissaksóknara frá 12. október 2000. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði eru í ýmsum atriðum slík tengsl milli sakarefna samkvæmt ákærunum að örðugleikum væri háð að greina að meðferð þeirra fyrir dómi. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki komist hjá því að ákvörðun um að dómþing verði háð fyrir luktum dyrum taki til málsins í heild. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur. Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. nóvember 2000.

Með bréfi dagsettu 3. nóvember sl. krafðist Þór Jónsson fréttamaður, kt. 150864-2759, Krókamýri 78, Garðabæ, þess að dómurinn kvæði upp rökstuddan úrskurð um þá ákvörðun að hafa þinghöld í þessu máli lokuð og vísaði til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 36/1999, en hann kvaðst ekki fella sig við þessa ákvörðun dómsins.

Í þessu máli liggja fyrir tvær ákæur á hendur X, báðar dagsettar 12. október 2000. Annars vegar er hann ákærður fyrir tvö kynferðisbrot gegn Z, í febrúar sl. og mars sl. Hins vegar er hann ákærður fyrir manndráp og líkamsárás 15. apríl sl. Bæði málin voru þingfest 24. október sl. Fyrst var ákæran þingfest þar sem ákærða eru gefin að sök manndráp og líkamsárás. Síðan var þingfest ákæran, þar sem ákærða eru gefin að sök kynferðisbrot. Að því búnu voru bæði málin sameinuð með vísan til 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991. Þá ákvað dómurinn með vísan til b-liðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 36/1999, að loka þinghaldinu. Í framhaldi af bókun þessarar ákvörðunar gerðu bæði verjandi ákærða og réttargæslumaður brotþola kynferðisbrotsins kröfu til þess að framvegis færu þinghöld í heild sinni fram fyrir luktum dyrum.

Þegar fyrirbyggjandi rannsóknargögn eru virt kemur í ljós að málin eru mjög samtvinnuð og erfitt reyndist að aðgreina rannsókn þeirra. Brotþoli kynferðisbrotsins var góð vinkona Y, sem ákærði er ákærður fyrir að hafa myrt. Mörg vitni voru yfirheyrð um bæði málin samtímis í sömu yfirheyrslum hjá lögreglu, sbr. skýrslu Jóhannesar Jenssonar lögreglufulltrúa, dskj. 13, skjal nr. 51, bls 1.

Með hliðsjón af því hversu tengd málin eru var sækjandi inntur eftir því í þinghaldi 24. október sl. hvernig hann hygðist haga skýrslutökum af vitnum fyrir dómi, ef þinghöldin yrðu einvörðungu lokuð að því er varðaði kynferðisbrotamálið. Sækjandi taldi óhjákvæmilegt annað en að nokkur vitni þyrftu þá að koma tvisvar sinnum fyrir dóm. Samkvæmt framlögðu símbréfi sækjanda þurfa eftirtalin vitni að gefa skýrslu í báðum þáttum málsins og koma tvisvar fyrir dóm, ef þinghöld verða að hluta til lokuð: Jóhannes Jenson lögreglufulltrúi, Gunnlaugur Geirsson prófessor, A, B, C, D, E, F, G og H.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er lögfest sú meginregla að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði. Hún byggist á tveimur náskyldum röksemdum. Önnur er sú að opinber málsmeðferð tryggji réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum, í opinberum málum ekki hvað síst réttaröryggi ákærða. Hin röksemdin er sú að með því að gefa almenningi kost á að fylgjast með málsmeðferð fyrir dómi sé dómstólum veitt aðhald. Opinber málsmeðferð er því öryggisventill til að tryggja réttláta málsmeðferð en er ekki markmið í sjálfu sér. Meginreglan er af þessum sökum ekki án undantekninga enda er skýrt tekið fram í lagaákvæðinu að ýmsar ástæður geta réttlætt að vikið sé frá henni.

Enda þótt 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 segi ekki berum orðum að dómari geti haft þinghöld að hluta til lokuð og að hluta til opin telur dómurinn að orðalag hennar útiloki ekki heldur slíkt fyrirkomulag. Til stuðnings þessari niðurstöðu er vísað til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en það ákvæði veitir dómara heimild til að loka þinghaldi hvort sem er að nokkru eða öllu leyti.

Hér að framan er það rakið að ákærði beinlínis afþakkaði þá réttarvernd sem opinber málsmeðferð á að tryggja honum og fór fram á að þinghöld færu að öllu leyti fram fyrir luktum dyrum. Brotapoli ætlaðra kynferðisbrota krafðist þess einnig að þinghöld yrðu lokuð. Í þriðja lagi útskýrði sækjandi að skýrslutökur fyrir dómi yrðu mun þyngrí í vöfum þar sem tíu vitni þyrftu að koma tvisvar sinnum fyrir dóm og þyrftu auk þess gæta sín á því að fjalla ekki um meint kynferðisbrot þegar þau væru yfirheyrð um ætlað manndráp. Í fjórða lagi fellst dómurinn á þá röksemd að vandasant sé fyrir sakflytjendur að halda nauðgunarþættinum og manndrápsþættinum aðgreindum í málflutningsræðum sínum vegna tengsla þessara mála.

Þegar öll þessi sjónarmið eru virt er það mat dómsins að þau vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá að fylgjast með réttarhöldunum. Það er ennfremur álit dómsins að hagsmunir brotapolu, vitna og annarra er málið varðar séu það ríkir, að það réttlæti að þinghöld fari að öllu leyti fram fyrir luktum dyrum, sbr. b-lið 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. lög nr. 36/1999. Við þetta mat er haft í huga það markmið réttarfarsbreytinga

sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 að styrkja réttarstöðu brotþola. Ofangreind ákvörðun var kynnt í þinghaldi, sem fram fór þann 3. nóvember sl. Bókað var eftir sakflytjendum að þeir væru þessari ákvörðun samþykkir.

Ólöf Pétursdóttir dómsformaður kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Þinghöld í ákærumálinu nr. S-1841/2000: Ákærvaldið gegn X skulu fara fram fyrir luktum dyrum með vísan til b-liðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991.
